Amy

Bókun

Mál nr: **2025-56-S-021**

Dagsetning: **5. nóvember 2025**

Staðsetning**: Innsigling til Tálknafjarðar**

Atvik: **Tekur niðri á grynningum**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 5. nóvember 2025 var flutningaskipið Amy á leið til Tálknafjarðar þegar það tók niðri í innsiglingunni og gat kom á tvo kjölfestutanka.

1. Helstu staðreyndir

AMY

IMO númer. 1034319

Fánaríki: Portúgal

Eigandi : Condor 244 Schifffahrts-GmbH & Co KG ms 'Wels'

Útgerð: Nordic Hamburg Shipmanagement GmbH.

Smíðaður: Kína 2025

Stærð: 11.615 BT

Mesta lengd: 147 m

Breidd: 22,8 m

Vél: MAN B&W 4.800 kW

Fjöldi skipverja: 16



2. Atvikalýsing

Flutningaskipið Amy var á leið frá Gdynia í Póllandi áleiðis til Tálknafjarðar með fóðurpramma fyrir fiskeldi. Þegar skipið var suður af baujunni við Sveinseyrarodda tók það niðri (mynd 1) með þeim afleiðingum að gat kom á tvo kjölfestutanka (númer tvö og þrjú stb. megin).


Skipið hélt áfram að þeim stað þar sem varpa átti akkeri. Í framhaldi var gerð skoðun á ástandi skipsins en engar frekari skemmdir komu í ljós.

RNSA fékk upplýsingar um atvikið frá Landhelgisgæslunni þremur dögum síðar og fór rannsakandi RNSA á staðinn ásamt fulltrúum frá hafnarríkiseftirliti Samgöngustofu.

Aðspurður sagðist skipstjórinn, sem var með 13 ára reynslu sem slíkur, aldrei hafa lent í neinu viðlíka og ekki gert sér grein fyrir að tilkynna þyrfti til Landhelgisgæslu um atvik sem þetta.

Skipstjórinn upplýsti hins vegar útgerð og umboðsmann um atvikið.

Fánaríki skipsins, Portúgal, hyggst ekki rannsaka málið og mun RNSA loka því með bókun.



Mynd 1. Ferill Amy.

3. Greining og niðurstöður

Við frumrannsókn kom fram að skipið var með uppfærð sjókort, gagnariti virkaði eins og til var ætlast en ekkert hafði verið fært inn í skipsdagbók um atvikið.

Skipstjórinn ákvað að sigla inn í dagsbirtu en um kl. 13 var frekar lág sjávarstaða. Hann valdi það fremur en að sigla inn í rökkri þegar sjávarstaða var hærri. Hann sigldi skipinu fyrir sunnan útsetta leið (mynd 1).

Skipstjórinn hafði fengið tilmæli frá vélstjóra um að sigla ekki hægar en á sex hnúta hraða en til þess að bógskrúfur virki þarf ferðin að vera mun minni.

Það er því ljóst að miðað við djúpristu og sjávarstöðu og að skipinu var siglt út úr siglingarennunni var ekki nægt dýpi undir skipinu.

Samþykkt 18. september 2026.

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Hilmar Snorrason

Hjörtur Emilsson

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa Jón Pétursson.


RANNSÓKNARNEFND
SAMGÖNGUSLYSA